

1. SETNING ÞINGSINS

Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ bauð þingesti velkomna á Flúðir og setti 47. ársþing KKÍ

2. KOSNING KJÖRBRÉFANEFNDAR, ÞINGFORSETA OG ÞINGRITARA

Hannes S. Jónsson lagði til að Ísólfur Gylfi Pálmason yrði þingforseti. Það var samþykkt með lófaklappi. Hannes fól þá Ísólfi þingstjórn.

Ísólfur tók við Stjórn og lagði til að Snorri Örn yrði annar þingforseti. Það var samþykkt með lófaklappi. Hann stakk upp á að Oddur Jóhannsson yrði kjörinn 1. þingritari og Þóra Melsted 2. þingritari. Þetta var samþykkt með lófaklappi.

3. KOSNING FASTRA NEFNDA

Kjörnefnd: Guðjón Þorsteinsson (formaður), Árni Þór Hilmarsson og Ari Gunnarsson

Allsherjarnefnd: Snorri Örn Arnaldsson (formaður), Bárður Eyþórsson og Pétur Guðmundsson

Laganefnd: Þóra Melsted (formaður), Brynjar Örn Steingrímsson og Árni Þór Hilmarsson

Fjárhagsnefnd: Eyjólfur Guðlaugsson (formaður) Halla Guðmundsdóttir og Sigurður Hauksson

Að lokinni kosningu nefnda bauð Ísólfur Gylfi viðstadda um að kynna sig. Það var gert. Síðan kynnti Ísólfur fulltrúa ÍSÍ, Hafstein Pálsson.

Hafsteinn flutti kveðju framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra ÍSÍ og hélt stutta ræðu. Hafsteinn áréttaði mikilvægi þess að sinna öllum. Almenningsiðrottir eru mjög mikilvægar. Mikilvægt að fá meiri þátttöku og fleiri iðkendur í iðrottir. Hreyfing er gífurlega mikilvæg fyrir alla, en því miður er hreyfing hjá almenningi að minnka.

Ríkið hyggst auka framlög til iðrottamála á næstu árum. Það er mikilvægt að við sýnum fram á það að þessir peningar nýtist vel.

Einnig hefur ríkið ákveðið að styrkja ÍSÍ vegna ferðakostnaðar iðrottafélaga.

4. SKÝRSLA STJÓRNAR

Skýrsla stjórnar

Þingforseti,
ágætu félagar,

Nú hefur ársskýrslu sambandssins fyrir liðið starfsár verið dreift. Mig langar til að hvetja ykkur öll að kynna ykkur efni hennar vel. Ég ætla ekki að lesa upp skýrsluna, heldur ætla ég að stikla á helstu atriðum skýrslunnar og þeim þáttum sem upp úr standa.

Að baki er annasamt starfsár, eins og gengur og gerist í jafn stórrí hreyfingu og körfuknattleikshreyfingin er. Starfsárið var að þessu sinni kannski mun annasamara en vant

er, þar sem yfirstjórn sambandsins var að takast á við ný verkefni; sá er hér stendur tók við formennsku síðastliðið vor, Friðrik Ingi tók við sem framkvæmdastjóra síðla sumars og Oddur Jóhannsson tók við starfi mótastjóra um mitt sumar.

Það er alveg á hreinu að það eru ekki margir sem gera sér grein fyrir því hversu umfangsmikið starf fer fram innan okkar raða og hvað skrifstofa sambandsins þarf að sinna mörgum fjölbreyttum verkefnum dag hvern. Mótahald KKÍ er í dag eitt það umfangsmesta á landinu og í raun ótrúlegt hversu vel gengur að halda utan um það, því það eru orðin nokkur ár síðan farið var að tala um að bæta þyrfti við þriðja starfsmanninum á skrifstofu sambandsins. Í raun þyrfti að bæta við þremur til fjórum starfsmönnum svo vel sé og allt getið orðið eins og við viljum hafa það, það er þó enn fjarlægur draumur. Mikið af þeirri vinnu sem fullmönnuð skrifstofa sambandsins ætti að vinna lendir í staðinn á stjórn og nefndum KKÍ. Mótanefnd og dómaranefnd hafa til að mynda, lagt mikla vinnu í mótahaldið, allt í sjálfboðavinnu. Þessum einstaklingum vil ég þakka kærlega fyrir ómetanlega vinnu.

Tímabilið í vetur var sérlega skemmtilegt og í hugum margra eitt það skemmtilegasta í manna minnum. KKÍ lagði sitt af mörkum til að svo yrði með því að reyna að efla innviðina og utanumhaldið. Það er svo ávallt í höndum félaganna að framkvæma, búa til umgjörð og stemmningu. Það tókst frábærlega og eiga félögin þakkir skildar fyrir þá miklu og góðu vinnu.

Samskipti við fjölmiðla eru mjög mikilvæg fyrir körfuknattleikshreyfinguna. Síðustu ár hefur KKÍ lagt mikinn metnað í það að sinna fjölmiðlum eins og best verður á kosið og mun svo verða áfram. Vefsíða sambandsins, kki.is, er klárlega meðal bestu vefsíðna landsins sem fjallar um íþróttir, þó hún takmarkist aðeins við körfuboltaumfjöllun. Almenn umfjöllun um körfubolta hefur batnað síðustu ár og var umfjöllunin í vetur, þá sérlega í úrslitakeppninni, mörgum fjölmiðlum til sóma. Útsendingar Sýnar voru á heimsmælikvarða og ég fullyrði að útsending SÝNAR í síðasta leik KR og Njarðvíkur í DHL-höllinni hafi verið besta sjónvarpsútsending íþróttaviðburðar hér á landi fyrr og síðar.

Eitt af stóru málunum í dag eru aðstöðumál hreyfingarinnar, þar spila inn í gólfefni í íþróttahúsum, málefni sem við eigum eftir að ræða ítarlega á þessu þingi, og útikörfuboltavellir. Því miður er það svo að aðstaða úti við er víðast hvar ansi bágborin á sama tíma og háværar raddir heyrast í samfélaginu um að börn og unglingar hreyfi sig minna en áður. Hér þarf stórfellt átak til, svo aðstaðan verði boðleg. Þetta er vinna sem þarf að fara fram heima í héraði og mun KKÍ reyna að koma að þeirri vinnu eins og hægt er, mikilvægt er þó að félögin hafi frumkvæði í þessu máli, þar sem þeirra aðgangur að sveitastjórnarmönnum er jafnan greiðari.

Því ber þó að fagna að síflellt fleiri sveitarfélög eru að taka sig á, nú síðast Reykjavíkurborg sem hefur lofað nýjum útikörfuboltavöllum, sambærilega þeim er stendur við Holtaskóla í Reykjanesbæ.

Fjármálastaða sambandsins er fjarri því að vera í lagi, eins og glögglega sést í ársreikningi KKÍ. Vandamálið er uppsafnað og þurfti stjórn KKÍ að taka margar erfiðar, en jafnframt nauðsynlegar ákvarðanir á þessu starfsári. Eitt helsta verkefni næstu stjórnar verður að ná enn betri tókum á vandanum og gera hvað hægt er til að vinna bug á honum á sem skemmstum tíma. Ákvarðanir um að draga saman seglin í landsliðsstarfi eru vonandi tímabundnar, en þó nauðsynlegar í ljósi fjárhagsstöðu KKÍ. Það er metnaður hjá KKÍ til að halda úti öflugum landsliðsstarfi til frambúðar, það verður þó ekki gert nema að KKÍ geti staðið undir því starfi. Það er ábyrgðarlaust að blása út gjöldin án þess að hafa tekjur á móti, svoleiðis rekstur gengur

ekki til lengdar og myndi að lokum gera KKÍ að máttlausu sérsambandi. Það er því ljóst að ef ekki nást fleiri aðilar til samstarfs og ef ríkisvaldið fer ekki að koma enn meir að rekstri landsliða, mun landsliðsstarf vera í lágmarki næstu misserin.

Núverandi ríkisstjórn og menntamálaráðherra hafa áttað sig á því að sérsamböndin og landsliðsstarf skipta máli fyrir samfélagið og hafa því aukið fjárveitingar til íþróttamála og er það þakkarvert. Betur má ef duga skal, þeir fjármunir sem KKÍ fær frá ríkisvaldi eru sáralitlir miðað við þörfina. Í því samhengi má benda á að KKÍ er rekið að stærstum hluta fyrir sjálfsaflafé. Þessu er öfugt farið á **N**orðurlöndunum, þar sem sérsambönd eru rekin að mestum hluta fyrir opinbert fé. Á tyllidögum og rétt fyrir kosningar eru stjórnámamenn á þeirri skoðun að íþróttir og afreksmenn í íþróttum sé nauðsynlegur partur af því að vera þjóð á meðal þjóða og að forvarnargildið sé ótvírætt. Af hverju hafa stjórnámamenn ekki stigið stærrí og hraðari skref í átt til okkar í íþróttahreyfingunni og okkar sérsambandanna og veitt myndarlegt fjármagn af ríkisfé til að hægt sé halda úti eðlilegu landsliðsstarfi? Ég hvet stjórnámamenn okkar til þess að standa saman að því að auka til muna framlag ríkisins til íþróttamála og sérsambanda og stórt skref væri stigið ef landslið sérsambanda innan ÍSÍ fengu frekari fjármuni úr ríkisjóði.

Mig langar að nota tækifærið hér og þakka samstjórnarmönnum mínum fyrir málefnalegt og gott samstarf í vetur. Það er nauðsynlegt fyrir körfuboltann að hafa öflugan einstaklinga innan stjórnar sambandsins og það höfum við svo sannarlega í stjórn KKÍ.

Jóni Halldórssyni þakka ég sérstaklega fyrir samstarfið síðustu árin, en hann hefur ákveðið að draga sig í hlé eftir fimm ára setu í stjórn KKÍ. Ég þakka honum fyrir góða vinnu fyrir körfuboltann í landinu og samstarfið undanfarin ár.

Starfsmönnum okkar þakka ég innilega fyrir gott og ánægjulegt samstarf, Oddur Jóhannsson tók við erfiðu starfi síðastliðið sumar og hefur verið að komast betur og betur inn í það í vetur. Hann hefur lagt á sig mikla vinnu svo að mótahaldið gangi sem best fyrir sig.

Friðrik Ingi tók svo sannarlega við erfiðu búi. Samskipti okkar hafa verið mikil og það eru forréttindi að fá að vinna með manni eins og honum. Ástríða hans fyrir körfuknattleiksíþróttinni er engu lík. Við erum heppin að hafa Friðrik Inga í okkar liði. Samstarf okkar hefur verið mjög mikið og má segja að ég og hann séum í miklum samskiptum allan sólarhringinn nema kannski yfir blánóttina.

Að lokum óska ég þingfulltrúum góðs gengis við þingstörf í þessu fallega umhverfi hér á Flúðum.

5. GJALDKERI LEGGUR FRAM ENDURSKOÐAÐA REIKNINGA SAMBANDSINS TIL SAMÞYKKTAR

Þingforseti gaf því næst Eyjólf Guðlaugssyni gjaldkera KKÍ orðið og hann lagði fram endurskoðaða reikninga sambandsins og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Mikið tap var á rekstri sambandsins árið 2006. Afkoman var 11 milljónum verri en 2005. Ágætlega gekk að rukka inn skuldir félaga. Skuldir umfram eignir voru rúmar 26 milljónir um síðustu áramót.

Ástæður fyrir verri afkomu á árinu eru nokkrar. Af því helsta má nefna að lottótekjur voru einni milljón króna lægri til körfuknattleikssambandsins 2006 en 2005. Gjaldkeri ítrekar að iðkendafjöldi skipti miklu máli varðandi lottótekjur.

Skípt var um starfsmenn á síðasta ári og var kostnaður við það ca. 4 milljónir.

Landsliðskostnaður var 15 milljónir 2006, árið 2004 var hann 5 milljónir, gífurleg aukning þarna.

Ísólfur Gylfi opnar mælendaskrá vegna ársreikninga og skýrslu stjórnar.

Guðjón Þorsteinsson er fyrstur á mælendaskrá. Hann hvetur alla til þess að vera ekki feimin við að koma og spyrja. Guðjón ítrekar mikilvægi þess að skrá iðkendur rétt. Guðjón lýsir yfir ánægju með vefsíðu kíkí.

Þorsteinn, frá Stjórnunni, er næstur á mælendaskrá. Hann er þeirrar skoðunar að skráning iðkenda í Felix sé rétt. Að minnsta kosti á höfuðborgarsvæðinu. Hann telur því að það hafi orðið fækkun hjá yngstu iðkenndunum. Aðeins iðkendur undir 16 ára safna inn lottótekjum. Þorsteinn spyr nokkurra spurninga um ársreikningana.

Þorsteinn talar um mikilvægi þess að huga vel að unglिंगastarf. Það sé mikilvægt að halda áfram starfsemi landsliðanna.

Snorri Örn tekur til máls. Hann minnir á að 4 lið taka núna þátt í Norðurlandamótum. Við erum einnig með úrvalsbúðir í gangi áfram og einnig afreksbúðir. Þetta heldur áfram þó að landsliðin séu ekki send í Evrópukeppni. Það er þó mikilvægt að stefna á að koma aftur landsliðunum í keppni um leið og hægt er.

Guðmundur Sigurbergsson tekur til máls. Hann spyr hvort að menn hafi ekki séð fyrir að það stefndi í óefni. Hann lýsir einnig yfir áhyggjum um að tekjur lækka á milli ára og stefnan er að reka sambandið á núlli næsta ár. Hann spyr um hvað menn sjá fyrir sér í lausn þessa vandamáls.

Gjaldkeri svarar fyrirspurnum. Þáttökugjöld voru hækkuð á síðasta ári og skýrir það hækkun þar. Breytt fyrirkomulag var á dómarakostnaði. Rukkað var inn einu sinni á ári áður en tvisvar núna. Sektor komu til að stórum hluta vegna reglugerðar um úrvalsdeild sem að breytt hefur verið síðan. Hann segir að áætlunin sé raunhæf fyrir þetta ár. Hann vill ekki byggja skýjaborgir að óþörfu.

Þorsteinn tekur aftur til máls. Hann bendir á að auðveldast er að fá styrki frá ríkinu vegna unglिंगastarfs. Þorsteinn segir einnig að mikilvægt sé að halda áfram á því sviði.

Hannes S. Jónsson tekur til máls. Hann segir að það sé ljóst að það eru ekki öll félög að skrá rétt í Felix. Við getum séð þetta út frá iðkendafjölda í mótahaldinu okkar. Við viljum fá réttar skráningar.

Hannes talar um mikilvægi þess að ríkisvaldið þurfi að koma betur að því starfi sem að tengist íþróttamálum.

Guðjón Þorsteinsson: Hann ítrekar að það er fjölgun í starfinu, en það er vanskráning hjá mörgum félögum.

Eyfi: Hann svarar því hvers vegna sáum við þetta ekki fyrir. Hann segir að stjórnin taki þetta á sig. Mennt hafi einfaldlega misst þetta úr höndunum, því miður. Kostnaður við unglingsstarfið fór alveg úr böndunum seinasta sumar.

Sigurður Ingi Hauksson. Spyr um skuld við dómarasjóð.

Guðmundur G. Sigurbergsson. Þakkar fyrir heiðarleg og hreinskilin svör. Hann gerir ráð fyrir því að menn verði skynsamir í framtíðinni og hvetur stjórnina til þess að taka óvinsælar ákvarðanir ef að þörf krefur.

Þóra Melsted þakkaði góða umræðu og fjallaði um unglingsnefnd og þá erfiðu ákvörðun að hætta við að senda unglingslandslíð í Evrópukeppni. Umræðum lokið.

Kosið um reikninga sambandsins. Þeir voru samþykktir.

Þingforseti gaf því næst Guðjóni Þorsteinssyni, formanni kjörbréfanefndar orðið.

Guðjón fór yfir kjörbréfin. Alls eru 153 fulltrúar sem að eiga rétt til setu á þinginu, frá 23 héraðssamböndum. 52 fulltrúar eru rétt bókaðir.

Fulltrúar mættu frá eftirfarandi sérsamböndum:
HSV, ÍBA, ÚÍA, HSK, ÍBH, UMSK, HSH, ÍBR,

Kjörbréf eru samþykkt samhljóða.

6. STJÓRN LEGGUR FRAM FJÁRHAGSÁÆTLUN FYRIR NÆSTA ÁR

Þingforseti gaf Eyjólfu Guðlaugssyni gjaldkera KKÍ orðið og kynnti hann fjárhagsáætlun KKÍ fyrir næsta ár. Eyjólfur renndi lauslega í gegnum áætlunina og kynnti einstaka liði sem ýmist hækkuðu eða lækkuðu miðað við fyrra ár.

7. LAGÐAR FRAM LAGA- OG LEIKREGLNABREYTINGAR ÞÆR SEM BORIST Hafa til stjórnarinnar

Snorri Örn Arnaldsson, varaþingforseti, tók til máls og las upp tillögur um vísun þingskjala til þingnefnda. Tillögurnar voru eftirfarandi:

- Þingskjal nr. 1 til laganefndar.
- Þingskjal nr. 2 til allsherjarnefndar
- Þingskjal nr. 3. til allsherjarnefndar
- Þingskjal nr. 4 til allsherjarnefndar
- Þingskjal nr. 5 til laganefndar
- Þingskjal nr. 6 til laganefndar
- Þingskjal nr. 7 til laganefndar
- Þingskjal nr. 8. til allsherjarnefndar
- Þingskjal nr. 9. til allsherjarnefndar
- Þingskjal nr. 10 til allsherjarnefndar
- Þingskjal nr. 11 til allsherjarnefndar
- Þingskjal nr. 12 til laganefndar

Þingskjal nr. 13 til laganeðndar
Þingskjal nr. 14 til allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 15 til laganeðndar
Þingskjal nr. 16 til allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 17 til laganeðndar
Þingskjal nr. 18 til laganeðndar
Þingskjal nr. 19 til laganeðndar
Þingskjal nr. 20 til allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 21 til allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 22 til allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 23 til laganeðndar
Þingskjal nr. 24 til laganeðndar
Þingskjal nr. 25 til allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 26 til allsherjarnefndar
Þingskjal nr. 27 til fjárhagsneðndar
Þingskjal nr. 28 til fjárhagsneðndar
Engin önnur mál eða tillögur bárust til þingsins.

Borin var upp þessi tillaga um vísun þingskjala til þingnefnda og var hún samþykkt.

Guðjón Þorsteinsson tók til máls og áréttaði að það væri mikilvægt að þinggestir tækju góðan þátt í starfi nefndanna.

8. TEKNAR TIL UMRÆÐU AÐRAR TILLÖGUR OG ÖNNUR MÁL, SEM BORIST HAFA TIL STJÓRNARINNAR.

Engar aðrar tillögur bárust til stjórnar KKÍ þetta árið.

Þinghlé.

Laugardagur 5. maí.

Hannes S. Jónsson veitti Jóni Birni Ólafssyni viðurkenningu fyrir frábæra umfjöllun á karfan.is og [Víkurféttum](#), og frábær störf í þágu körfuboltans.

9. NEFNDARÁLIT OG TILLÖGUR OG ATKVÆÐAGREIÐSLUR UM ÞÆR.

Formaður kjörbréfanefndar tekur til máls, Guðjón Þorsteinsson. Kjörbréf ÍS komu á föstudegunum og töldust lögleg. Störfum kjörbréfanefndar er þá lokið.

Formenn nefnda kynna nefndarálit:

Eyjólfur Guðlaugsson, formaður fjárhagsneðndar, kemur í pontu.

Nefndin gerir breytingartillögu við þingskjal nr. 27.
Því þingskjalið undir atkvæði og var það samþykkt.

Þingskjal nr. 27. samþykkt með breytingum.

Þingskjal nr. 28. Gerð var breytingartillaga við þingskjal 28.
Umræður opnar.

Þorsteinn Þorbergsson kvaddi sér hljóðs. Hann lagði til að lagðar verði meiri álögur á aðildarfélögin til þess að ná að greiða niður halla.

Eyjólfur svarar og þakkar fyrir að menn séu stórhuga.

Guðjón Þorsteinsson. Hann var á því að það gangi ekki vel að leggja meira á félögin því að það endi alltaf með afskriftum.

Þingskjal nr. 28 samþykkt með breytingum.

Störfum fjárlaganefndar er þá lokið.

Laganefnd. Þóra Melsted gerði grein fyrir störfum hennar.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 1. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti
því þingskjalið undir atkvæði og var það samþykkt.

Þingskjal nr. eitt samþykkt óbreytt

Þingskjal nr. 5.

Þorsteinn kveður sér hljóðs. Hann leggur til að úrskurðir aganefndar verði sendir til viðtakanda í ábyrgðarbréfi.

Snorri Örn Arnaldsson útskýrði nánar vinnuferlið í tengslum við aganefndina.

Þingforseti bar því næst þingskjal númer 5 undir atkvæði og var það samþykkt.

Þingskjal nr. 5 samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 6 lagt til samþykktar óbreytt.

Guðjón kveður sér hljóðs. Hann setur spurningamerki við það að þetta virki.

Bjarni Gaukur útskýrir að við séum að auka mörkin sem að liðin hafa. Það hafi alltaf verið skotklukka.

Þorsteinn: Er ekki viss um að krakkar í minnibolta og 7. flokki hafi þroska til þess að hafa skotklukku, Einnig er aðstöðu ábótavant. Hann leggur til að tillagan verði felld.

Sigurður Ingi Hauksson: Bendir á að það er verið að rýmka reglur um skotklukku. Það þarf að koma tillaga á næsta þingi um að fella út skotklukku í þessum flokkum.

Tillaga um að opna umræður fyrir nýtt þingskjal nr. 6 felld.

Þingforseti bar því næst þingskjal númer 6 undir atkvæði og var það samþykkt.

Þingskjal nr. 6 samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 7. Lagt fram óbreytt.

Guðjón Þorsteinsson tók til máls og mælti með þessu.

Þingforseti bar því næst þingskjal númer 7 undir atkvæði og var það samþykkt.

Þingskjal nr. 7 samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 12 Lagt fram óbreytt.

Þingforseti opnaði fyrir mælendaskrá en enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingforseti bar því næst þingskjal númer 12 undir atkvæði og var það samþykkt.

Þingskjal nr. 12 samþykkt óbreytt.

Þingskjal 13: Breytingartillaga við þingskjal 13 lögð fram.

Þingforseti bar því næst þingskjal númer 13a undir atkvæði og var það samþykkt.

Þingskjal nr. 13a samþykkt.

Þingforseti bar því næst þingskjal númer 13 undir atkvæði og var það samþykkt.

Þingskjal 13 samþykkt með breytingum.

Þingskjal nr. 15: Laganefnd leggur til að þessari tillögu verði vísað til stjórnar KKÍ til nánari útfærslu.

Þorsteinn Þorbergsson lýsti undrun yfir því að þetta hafi verið lagt fram á þennan hátt. Hélt að nefndarniðurstaðan hefði verið að þetta myndi hefjast fyrir næsta keppnistímabil. Vildi að þetta komi fram í reglugerðum.

Ísólfur Gylfi útskýrði atriði varðandi breytingartillögur.

| Snorri Örn útskýrir betur það sem að nefndin leggur til.

Þingið samþykkir að leggja útfærslu á þessari tillögu fyrir stjórn KKÍ.

Þingskjal nr. 18: Laganefnd leggur fram breytingartillögu fyrir þingskjal nr. 18.

Þingforseti bar því næst þingskjal númer 18 undir atkvæði og var það samþykkt.

Þingskjal nr. 18 samþykkt með breytingum.

Þingforseti bar því næst þingskjal númer 25 undir atkvæði og var það samþykkt.

Þingskjal nr. 25: Samþykkt með breytingum.

Þingskjal nr. 19: Þingforseti opnaði fyrir umræður um þingskjal númer 19.

Eyjólfur Guðlaugsson: Tók fram að það er enginn peningur í dómarasjóði vegna þess að félögin eru ekki búin að borga enn. Hann spyr hvort að félögin séu ekki best sett með því að borga þetta sjálf.

Þorsteinn Þorbjörnsson: Segir frá því að hann hafi fengið fyrirmæli um að segja nei við þessari tillögu. Hann segir þó að breytingartillagan sé góð. Hann er sáttur við hana. Tekur fram að kostnaður við þetta væri ca. 16.000 kr. á lið í Íslandsmóti yngri flokka.

Snorri Örn sagði að það lægi fyrir tillaga um dómarasjóð KKÍ.

Guðjón: Segir að hann sjái ekkert nema gott við þessa tillögu. Vill sjá þingskjal númer 19 samþykkt óbreytt.

Eyjólfur: Útskýrir mál sitt betur.

Sigurður Ingi Hauksson: Finnst mikilvægt að þetta sé samþykkt óbreytt.

Þorsteinn: Finnst breytingartillagan mjög góð og skynsamari en áður.

Snorri: Bendir á að það geti skapað vandræði fyrir stór félög að senda dómara í mörg mót um sömu helgi. Finnst breytingartillagan góð.

Guðjón: Tekur aftur til máls og mælir með tillögu 19.

Guðmundur: Tekur fram að tillaga 19 sé skýrari en 19a. Fagnar tillögunni og styður tillögu 19.

Hannes S. Jónsson: Mælir eindregið með tillögu 19a.

Snorri Örn: Bendir á að það er ekki gott ef að félög fara að skulda hvert öðru.

Bjarni Gaukur: Bendir á að þingskjal 19 a sé gott fyrsta skref. Leggur til að við samþykkjum 19a

Oddur: Leggur til að við samþykkjum þingskjal 19 a.

Þingforseti lagði þingskjal 19a fram til atkvæðagreiðslu og var það samþykkt.

Þingskjal 19 samþykkt með breytingum.

Þingskjal nr. 23: Þingforseti opnaði fyrir mælendaskrá vegna þingskjals nr. 23.

Þorsteinn: Er sammála því sem kemur þarna fram en varar við því að KKÍ skyldi félögin til þess að nota ákveðið kerfi. Er að öðru leiti sammála breytingartillögunni.

Guðjón: Tekur fram að Felix er kerfi sem að við eigum öll að geta notað.

Bjarni Gaukur: Segir frá því að það sem að er lagt til sé einfalt að gera. Vill að við samþykkjum tillöguna.

Þorsteinn: Vekur máls á sektargreiðslum.

Guðjón: Segir frá mikilvægi sektanna.

Hannes: Ítrekar að leikskýrsluskil úr fjölliðamótum skipta miklu máli. Hvetur félögin til þess að standa vel að skýrsluskilum og ítrekar hversu erfitt er fyrir skrifstofuna að halda utan um mótahaldið.

Þingforseti lagði þingskjal 23 fram til atkvæðagreiðslu og var það samþykkt.

Þingskjal nr. 23 samþykkt með breytingum.

Þingskjal nr. 24: Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 24. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjalið undir atkvæði og var það samþykkt.

Samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 17: Laganefnd leggur til að þingskjal nr. 17 verði fellt. Laganefndin leggur til að lagt verði fram nýtt þingskjal. Kosið eru um það og þingheimur samþykkir að taka fyrir nýtt þingskjal um venslasamninga. Þingskjal nr. 29 er því lagt fyrir þingið.

Þingskjal nr. 29: Þingforseti opnaði fyrir mælendaskrá vegna þingskjals nr. 29

Þorsteinn: Biður framkvæmdastjórnann um að segja frá tilgangi venslasamninga. Finnst að það eigi að taka til athugunar að fella venslasamninga út úr reglugerðum sambandsins.

Friðrik Ingi: Útskýrir tilganginn með venslasamningum.

Guðjón: Hlynntur tillögnum eins og hún kemur fyrir. Bendir þó á að það eru ekki teknar mínútur í 2. deild karla og þar af leiðandi er erfitt að gera venslasamning byggðan á mínútufjölda.

Yngvi Gunnlaugsson: Er sammála framkvæmdastjóranum, nefnir dæmi um gagnsemi samninganna ung stúlka sem að lék með meistaraflokki Breiðabliks en Stúlknaflökki Kormáks.

Þorsteinn: Bendir á nokkur túlkunaratriði sem að gætu komið fram eins og venslasamningarnir eru núna.

Þóra: Útskýrir að tilgangurinn með reglugerðinni sé að gefa ungum leikmönnum tækifæri.

Snorri: Leggur til breytingartillögu á reglugerð 29.

Þorsteinn: Vill halda dagsetningu sem að lokar fyrir venslasamninga á 5. janúar.

Ísólfur Gylfi: Segir frá reglugerð sem að Snorri lagði fram.

Guðjón: Vill að við samþykkjum 29a.

Þóra: Vill halda 5. janúar þarna inni. Finnst eðlilegt að þarna sé ósamræmi á milli.

Þingskjal 29a lagt undir atkvæði. Það var fellt.

Þingskjal 29 lagt undir atkvæði. Samþykkt óbreytt.

Þingskjal 17 lagt undir atkvæði: Fellt

Þinghlé.

Þingforseti gaf Snorra Erni Arnaldssyni, formanni allsherjarnefndar, orðið

Snorri Örn kynnti þingskjal nr. 9 fyrir þingheimi.

Þingskjal 9 lagt undir atkvæði. Samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 11

Hannes S. Jónsson lagði til breytingartillögu við þingskjal nr. 11.

Snorri Örn sagði aðeins nánar frá breytingartillögnum.

Breytingartillagan var lögð fyrir þingheim og var hún samþykkt.

Þingskjal nr. 11 samþykkt með breytingum.

Þingskjal nr. 14: Snorri Örn útskýrði breytingar sem að allsherjarnefnd vill gera á tillögnum. Hann lagði til að þingheimur myndi samþykkja þingskjal 14a.

Þingskjal 14a lagt undir atkvæði. Samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr 14 samþykkt með breytingum

Þingskjal 22 lagt undir atkvæði. Fellt.

Þingskjal 16 lagt undir atkvæði. Samþykkt óbreytt.

Þingskjal 26 lagt undir atkvæði. Samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 20: Allsherjarnefnd gerir breytingartillögu.

Umræður um þingskjal nr. 20a:

Fyrirspurn um það hvort að megi fella lið niður um deild. Svo er ekki.

Hannes: Bendir á að mörg íþróttahús eru komin með parket og að það standi til að setja parket vegna þessa máls.

Bjarni Gaukur: Vill ekki bíða til 2010. Finnst þetta vera of langur frestur.

Snorri Örn: Ástæðan fyrir tillögu 20a er að þetta þarf að fara inn í fjárhagsáætlun, við verðum að hafa þessa tillögu raunhæfa.

Þorsteinn: Vill samþykka 20a en að við tölum aðallega um að parket eigi að koma á gólfín, en að við nefnum ekki tímasetningar.

Hannes: Segir að við verðum að vera sanngjörn í kröfum okkar.

Bjarni Gaukur: Segir að við gætum slakað aðeins á í sektum á lið sem að eru að fara að byggja hús.

Þingskjal 20a lagt undir atkvæði. Samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 20 samþykkt með breytingum.

Þingskjal nr. 21 lagt undir atkvæði: Samþykkt óbreytt

Þingskjal nr. 2 lagt undir atkvæði. Samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 3: Snorri Örn segir frá skoðun allsherjarnefndar. Þetta er stærsta lagabreytingin sem að liggur fyrir. Það verður þó að gera breytingar til þess að þetta verði skýrara.

Allsherjarnefnd leggur til að þingskjal 3a verði samþykkt.

Guðjón: Segir frá því að hann hafi verið sá sem að mest var á móti þessu en hann hafi snúist aðeins. Telur þó mikilvægt að fulltrúar neðri deildar liða mæti á formannafundi.

Þorsteinn: Talar um að hann sé sammála þessarri breytingu.

Snorri: Bendir á að með þessum breytingum yrðu formaður og gjaldkeri áfram í stjórn næstu 2 ár.

Þingskjal 3a lagt undir atkvæði. Samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 3 samþykkt með breytingum.

Þingskjal nr. 4: Allsherjarnefnd leggur til að það sé samþykkt

Þingskjal 4 lagt undir atkvæði. Samþykkt óbreytt.

Þingskjal 8 lagt undir atkvæði. Samþykkt óbreytt.

Þingskjal 10 lagt undir atkvæði. Samþykkt óbreytt.

10. ÖNNUR MÁL

Guðjón Þorsteinsson kynnir vefútsendingar á körfuboltaleikjum. KFÍ hafa verið að sýna frá heimaleikjum sínum í vetur. Þetta hefur gengið vel og vill Guðjón að fleiri félög taki þetta upp og byrji að sýna frá leikjunum. Hann dreifði bæklingi um þetta mál og kynnti fyrir þingheimi.

Aðrir punktar frá Guðjóni:

-Skráningar í Felix, tökum okkur saman og höfum þetta í lagi.

-Guðjón gagnrýnir slæma mætingu frá mörgum liðum á ársþing.

-Bætum umsjón á fjölliðamótum yngri flokka.

-Tölfræðikerfið/mótakerfið er ekki að virka. Nefnir t.d. það finnska sem gott kerfi sem að við ættum að taka upp.

Guðjón þakkar þingfulltrúum og þingforseta fyrir gott þing.

Þorsteinn Þorbjörnsson kemur með nokkra punkta. Hann vill að reglugerðir og breytingar komi skýrt fram á vef sambandsins.

Tekur fram að vefsjónvarpshugmyndin sé mjög góð.

Þorsteinn talar um mikilvægi tölfræðinnar og þakkar fyrir sig í lokin.

Stefán vill að þingið leggi tilmæli til stjórnar KKÍ þess efnis að landsliðsþjálfarar KKÍ séu ekki að þjálfra félaglið í sama aldursflokki.

Snorri: Svarar þannig að við höfum því miður ekki það mikið úrval af þjálfurum að þetta sé mögulegt.

Sigurður Ingi Hauksson: Spyr hvort að þingið geti ekki lagt ábendingu um það sem að Stefán talaði um fyrir stjórnina.

Þóra Melsted: Þóra talar um að þessi ábending sé mikilvæg og góð. En hvernig þetta eigi að hljóma þarf að vinna áfram.

Friðrik Ingi: Þessi umræða er tímabær. Hann bendir á nokkur atriði varðandi þetta málefni.

Þarna eru skiptar skoðanir og sitt sýnist hverjum. Það eru flestir sammála um að þjálfarinn velji það lið sem að hann telur að sé líklegt til afreka. Friðrik er ekki viss um að þetta sé eitthvað sem æskilegt er að gera.

Þorsteinn: Talar um körfuboltaþúðir sem að Ryan Leier mun halda fyrir Stjórnuna í sumar.

Guðjón: Talar um áhyggjur af því að efnilegir leikmenn hjá KFÍ geti í raun ekki leikið með unglíngalandsliði vegna gífurlegs kostnaðar við æfingar. Guðjón bendir á ferð sem að KFÍ er að fara í til Serbíu í sumar. Upplýsingar eru á KFÍ síðunni.

11. KOSNINGAR

Fundarstjóri ber fram tillögur um þrjá meðstjórnendur í stjórn KKÍ. Þau eru:

Þóra Melsted, Snorri Örn Arnaldsson og Guðjón Guðmundsson. Þau voru kjörin með lófaklappi.

Fundarstjóri klárar kosningarnar mjög hratt og vel.

Ísólfur Gylfi Pálmason, fundarstjóri, þakkaði fyrir samveruna um helgina og kvaddi þingheim.

| Formaður KKÍ, Hannes S. Jónsson, hélt lokaræðu.

Hannes er ánægður með vinnusamt og skemmtilegt þing. Hann segir að það sé mikilvægt fyrir hreyfinguna að nýta ársþingið í þessar umræður. Hann var ánægður að sjá á þinginu ný andlit og nýjar raddir.

Hannes vill nýta meðbyrinn sem að er í körfuboltanum í dag. Saman þá vitum við að við getum gert marga góða hluti. Hannes er sannfærður um að við getum lagað fjárhagsstöðu sambandsins á næstu árum. Það hljóta að vera fyrirtæki í landinu sem að vilja vera með okkur í þessum málum. Einnig segir hann að ríkisvaldið hljóti að sjá sóma sinn í því að styrkja okkur vel.

Hannes vill að við tökum vel á þjálfaramálum innan hreyfingarinnar. Það þarf að bæta menntun þjálfara.

Hannes þakkar Jóni Birni, Rúnari Birgi og Bjarna Gauk fyrir að hafa verið duglegir með umfjöllun um þingið. Einnig þakkar hann Árna Þór Hilmarssyni og Hrunamönnum fyrir umsjón þingsins. Snorri Örn og Ísólfur Gylfi fá þakkir fyrir þingstjórn.

Hannes slítur þinginu klukkan 14:40

Ísólfur Gylfi Pálmason
Þingforseti

Oddur Jóhannsson
Þingritari

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 1

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

38. grein

[...]

2. Hver leikmaður verður að leika a.m.k. 1 af fyrstu 3 lotunum, en hann má ekki leika fleiri en tvær af fyrstu þremur. Hver leikmaður má því aðeins leika í þrjár lotur hið mesta.

[...]

39. grein

[...]

2. Hver leikmaður verður að leika a.m.k. 1 af fyrstu 3 lotunum, en hann má ekki leika fleiri en tvær af fyrstu þremur. Hver leikmaður má því aðeins leika í þrjár lotur hið mesta.

[...]

48. grein

[...]

2. Hver leikmaður verður að leika a.m.k. 1 af fyrstu 3 lotunum, en hann má ekki leika fleiri en tvær af fyrstu þremur. Hver leikmaður má því aðeins leika í þrjár lotur hið mesta.

[...]

Greinargerð: Þetta ákvæði í minniboltareglunum hefur ekki þótt nógu skýrt, aðeins er verið aðskýra tilætlan reglnanna.

Undirstrikaði textinn bætist við reglugerðina.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar X Laganefndar

X Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 2

Breyting á lögum KKÍ

3. grein

Starf KKÍ er í meginatriðum:

a) Að hafa yfirstjórn allra íslenskra körfuknattleiksmála.

b) Að vinna að eflingu körfuknattleiks á Íslandi og vera aðili að

Alþjóðakörfuknattleikssambandinu (FIBA) og evrópska körfuknattleikssambandinu (FIBA Europe). (Með hæfilegum fyrirvara skal KKÍ tilkynna framkvæmdastjórn ÍSÍ um áætlanir sínar og ákvarðanir varðandi samskipti við útlönd).

[...]

Greinargerð: Yfirstrikaði textinn falli út, við bætist undirstrikaður texti, en KKÍ er aðili að FIBA Europe eftir að FIBA var skipt upp. Textinn er leifar af gömlum arfleifðum og það er engin þörf á að hafa hann inni í lögum KKÍ.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 3

Breyting á lögum KKÍ

5. grein

Körfuknattleiksþingið fer með æðsta vald á málefnum KKÍ. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda KKÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra körfuknattleiksiðkenda og

skal miðað við kennsluskýrslur hverju sinni þannig að fyrir allt að 50 iðkendur koma 2 fulltrúar

og síðan 1 fyrir hverja 50 eða brot úr 50 fram yfir það.

Þingið skal halda árlega eigi síðar en í maímánuði annað hvert ár (frá og með 2007). Stjórn KKÍ skal boða bréflega til þingsins með minnst sex (6) vikna fyrirvara. Málefni, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn KKÍ minnst 21 degi fyrir þing. Þá skal stjórn KKÍ kynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt ársskýrslu stjórnar í síðasta lagi 2 vikum fyrir þing.

Körfuknattleiksþingið er lögmeitt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

[...]

8. grein

Störf körfuknattleiksþings eru:

1. Þingsetning.

2. Kosning starfsmanna:

a) Kosning kjörbréfanefndar.

b) Kosning fyrsta og annars þingforseta.

c) Kosning fyrsta og annars þingritara.

3. Kosning fastra nefnda:

a) Fjárhagsnefnd

b) Laga- og leikreglnanefnd.

c) Allsherjarnefnd.

Nefndir þessar eru skipaðar þremur mönnum hver og kjósa þær sér formann.

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlanir fyrir næsta ár.

7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær, sem borist hafa til stjórnarinnar.

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar.

- ÞINGHLÉ -

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

10. Önnur mál.

11. Kosning formanns.

12. Kosning þriggja sex meðstjórnenda til tveggja ára og þriggja manna varastjórn til eins árs tveggja ára.

13. Kosning fimm manna í dómstól KKÍ til tveggja þriggja ára.

14. Kosning tveggja manna í aganefnd og tveggja til vara
15. Kosning þriggja aðila í félagaskiptanefnd og þriggja til vara.
16. Kosning tveggja endurskoðenda.
17. Kosning fulltrúa á Íþróttabíing.
18. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.
19. Þingslit.

Fái þeir sem um er kosið, jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum.

Ársskýrslu KKI, sem stjórnin skal leggja fjölrítaða fyrir þingið og ágrip af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum KKI innan tveggja mánaða frá þingslitum.

Í ársskýrslu sinni til körfuknattleiksþings skal stjórn KKI jafnan gera grein fyrir, hverjar tillögur hún hafi gert til sambandsráðs um úthlutun kennslustyrkja.

9. grein

Stjórn KKI fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn KKI skipa sjö menn. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn. Á hverju ári þingi skal kjósa þrjá sex stjórnarmenn til tveggja ára. Kjósa skal þrjá varamenn til eins árs tveggja ára í senn og taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð sem þeir eru kjörnir. Til að ná kjöri sem formaður þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu skal kjósa á ný um þá tvo menn sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum.

Við kjör annarra stjórnarmanna og varamanna gildir sú regla að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í þessum lögum.

Formaður KKI boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn KKI eða varastjórn skulu tilkynna það til stjórnar KKI ekki síðar en 10 dögum fyrir ársþing. Berist ekki framboð fyrir þann tíma skal stjórn KKI hlutast til um tilnefningu aðila til stjórnarkjörs á ársþingi.

Stjórn KKI er heimilt að ráða launað starfsfólk, m.a. framkvæmdastjóra og skal stjórnin setja honum erindisbréf.

Reikningsár KKI skal vera almannaksárið.

[...]

Bráðabirgðaákvæði.

Lög þessi taka gildi við samþykkt á ársþingi KKI og að fenginni staðfestingu ÍSÍ.

Ársþing KKI 2007 sem samþykkir lög þessi skal kjósa þrjá meðstjórnendur til tveggja ára og þrjá varamenn til tveggja ára. Formaður KKI og þeir meðstjórnendur sem eigi eru í kjöri verða

næst í kjöri á ársþingi KKI 2009.

Greinargerð: Um er að ræða talsverðar breytingar á lögum KKI.

Umtalsverðar breytingar eru gerðar á 5. grein, þar sem gert er ráð fyrir að ársþing KKI verði haldið annað hvert ár í stað árlega eins og nú er.

Breytingar á áttundu grein eru m.a. tilkomnar vegna breytinga á 5. grein, þar sem breyta þarf kjörtíma kjörinna fulltrúa vegna breytinga á 5. grein.

Að lokum er bráðabirgðarákvæði sett aftast vegna breytinga á núverandi lögum KKI.

Helst hafa verið nefndar fjórar ástæður fyrir því að ársþing KKI skuli vera annað hvert ár í stað

árlega:

- meiri stöðugleiki í starfsemi KKI

- fjárhagslegur sparnaður
- starfsemin verður skilvirkari
- tímasparnaður

Undirstrikaði textinn bætist við reglugerðina en yfirstrikaði textinn fellur út.
Stjórn KKI

Vísað til:	Fjárhagsnefndar	X Allsherjarnefndar	Laganefndar
	Samþykkt óbreytt	X Samþykkt með breytingum	Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 4

Breyting á lögum KKÍ

12. grein

Starfssvið stjórnar KKÍ er m.a.:

1. Að framkvæma ályktanir körfuknattleiksþingsins.
2. Að vinna að stofnun nýrra sérráða í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd.
3. Að vinna að eflingu körfuknattleiks í landinu.
4. Að hafa eftirlit með, að leikreglur og reglugerðir fyrir körfuknattleik séu jafnan í nauðsynlegu samræmi við alþjóðareglur.
5. Að taka ákvarðanir um veitinu heiðursmerkja og viðurkenninga.
6. Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur.
7. Að líta eftir því, að lög og reglur KKÍ séu haldnar.
8. Að hafa yfirumsjón með landsmótum.
9. Að samþykkja alþjóðamót, sem haldin eru á Íslandi.
10. Að samþykkja þátttöku íslenskra körfuknattleiksliða í alþjóðamótum erlendis.
11. Að koma fram erlendis f.h. körfuknattleikshreyfingarinnar í landinu.
12. að skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um málefni sem lög þessi eða/og reglugerðir KKÍ ná ekki yfir
13. Stjórn og framkvæmdastjóri KKÍ líta eftir því að lög og reglugerðir KKÍ og leikreglur séu haldin og geta vísað brotum aðila til aganefndar eða dómstóls KKÍ eftir atvikum til úrskurðar. Í sérstökum tilfellum þegar lög þessi eða reglugerðir KKÍ eru ekki fullnægjandi getur hún tekið til skoðunar sjálfstætt brot aðila og beitt þeim viðurlögum er getur í lögum þessum. Stjórn KKÍ skal hafa samráð við stjórnir sérráða og framkvæmdastjórn ÍSÍ við ákvörðun á alþjóðamótum, sem haldin eru hérlandis ásamt landsmótum. Stjórn KKÍ hefur frjálstan aðgang að öllum körfuknattleiksmótum og sýningum, sem fram fara innan vébanda KKÍ.

Greinargerð: Lög og reglugerðir KKÍ koma aldrei til með að ná utan um alla þá starfsemi sem

er innan hreyfingarinnar. Þessi tvö atriði eru til þess gerð að gefa stjórn og framkvæmdastjóra KKÍ möguleika á að taka á málum sem lög þessi og reglugerðir gera ekki. Undirstrikaði textinn bætist við reglugerðina.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar X Allsherjarnefndar Laganefndar

X Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 5

Breyting á reglugerð um aganefnd

5. grein

Úrskurðir aganefndar:

[...]

b) Úrskurð sinn skal aganefnd tilkynna strax að loknum fundi með skeyti eða símbréfi tölvupósti til formanns körfuknattleiksdeildar er hinn kærði aðili heyrir undir, eða hins kærða dómara. Áhætta af mistökum við afhendingu skeytis eða símbréfs tölvupósts hvílir á móttakanda.

c) Úrskurðir aganefndar taka gildi kl. 12:00 á hádegi næsta föstudag fimmtudag eftir uppkvaðningu úrskurðarins. Óheimilt er að taka út refsingu áður en úrskurður tekur gildi.

[...]

Greinargerð: Verið er að færa texta b-liðs reglugerðar um aganefnd til nútíðar. Eðlilegt þykir að brotlegir aðilar taki refsingu sína út sem fyrst, aganefnd þarf tíma til að kveða upp úrskurði og koma þeim til málsaðila og dugar fimmtudagur til þess að öllum kröfum reglugerðarinnar sé uppfyllt.

Undirstrikaði textinn bætist við reglugerðina en yfirstrikaði textinn fellur út.

Stjórn KKÍ

Vísað til: **Fjárhagsnefndar** **Allsherjarnefndar** **X Laganefndar**

X Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 6

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

37. grein 7. flokkur karla

Leiktími: Fyrri hálfleikur 2 x 8 mínútur og klukka ekki stöðvuð. Ekki er heimilt að taka leikhlé og innáskiptingar eru ekki leyfðar. Síðari hálfleikur 2 x 8 mínútur og klukka stöðvuð skv. körfuknattleiksreglum og innáskiptingar leyfðar. Leikhlé er leyft einu sinni hjá hvoru liði. Hlé milli leikhluta er 1 mínúta og milli hálfleikja 5 mínútur. Skotréttur myndast við fimmtu liðsvillu í leikhluta. Í 7. flokki skal skotklukka ekki sett af stað fyrir en sóknarlið nær valdi á knetti á sóknarvelli.

[...]

38. grein Minnibolti karla 11 ára

[...]

4. Ekki skal stöðva leikklukku í fyrstu þrem leikhlutum minniboltans. Í 4. leikhluta skal stöðva leikklukku síðustu tvær mínúturnar í samræmi við körfuknattleiksreglur í minnibolta. Í minnibolta skal skotklukka ekki sett af stað fyrir en sóknarlið nær valdi á knetti á sóknarvelli.

[...]

47. grein 7. flokkur kvenna

Leiktími: Fyrri hálfleikur 2 x 8 mínútur, og klukkan ekki stöðvuð. Ekki er heimilt að taka leikhlé í fyrri hálfleik. Síðari hálfleikur er 2 x 8 mínútur og klukka stöðvuð skv. Körfuknattleiksreglum og innáskiptingar leyfðar. Leikhlé er leyft einu sinni hjá hvoru liði í seinni hálfleik. Hlé milli hálfleika er 1 mínúta og milli hálfleikja 5 mínútur. Skotréttur myndast við fimmtu liðsvillu í leikhluta. Í 7. flokki skal skotklukka ekki sett af stað fyrir en sóknarlið nær valdi á knetti á sóknarvelli.

[...]

48. grein Minnibolti kvenna 11 ára

[...]

4. Ekki skal stöðva leikklukku í fyrstu þrem leikhlutum minniboltans. Í 4. leikhluta skal stöðva leikklukku síðustu tvær mínúturnar í samræmi við körfuknattleiksreglur í minnibolta. Í minnibolta skal skotklukka ekki sett af stað fyrir en sóknarlið nær valdi á knetti á sóknarvelli.

[...]

Greinargerð: Áhöld hafa verið um hvort nota ætti skotklukku í minnibolta og 7. flokki. Ekki hefur þótt ástæða til að láta leikmenn á þessum aldri leika með 24 sek skotklukku og verið er að gefa þeim lengri tíma til að klára sóknirnar. Verið er að skerpa á reglunum.

Undirstrikaði textinn bætist við reglugerðina.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 7

Breyting á reglugerð fyrir mótanefnd

[...]

3. Verkefni mótanefndar er:

- a) að gera tillögur að deildarskipulagi.
- b) að gera tillögur að leikjafyrirkomulagi í samráði við framkvæmdaaðila í héraði. Ef lið í Úrvalsdeild karla eða í I. deild karla eða kvenna þarf að leika heimaleik utan héraðs skal mótanefnd annast framkvæmd þeirra.
- c) að taka ákvörðun um frestun og niðurfellingu leikja.
- d) að skoða og samþykkja leikvelli og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur.
- e) að banna notkun leikvalla, ef nauðsyn krefur.
- f) að samræma keppnisdaga, svo íþróttaviðburðir falli eigi saman að nauðsynjalaus.
- g) að gera tillögu að leikjaskrá til stjórnar KKÍ. Stjórn KKÍ sér um útgáfu leikskrár og innheimtu þátttökugjalda.
- h) að gera tillögu að mótafyrirkomulagi til stjórnar KKÍ ef ljóst er að mótahald verði ekki með þeim hætti sem tilgreint er í reglugerð um körfuknattleiksmót

Greinargerð: við bætist liður h), mótanefnd hefur vantað tæki til að skera úr um mótahald þegar sérstök tilfelli koma upp sem reglugerðir ná ekki utan um.

Undirstrikaði textinn bætist við reglugerðina.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar x Laganefndar

X Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 8

Breyting á lögum KKÍ

Út falli

Bráðbirgðaákvæði.

Lög þessi taka gildi 1. júní 2001, eftir samþykkt þeirra á ársþingi KKÍ. og að fenginni staðfestingu ÍSÍ.

Við gildistöku laga þessara skulu Dómstólar KKÍ taka yfir eldri mál sem eru í gangi fyrir dómstólum körfuknattleikshreyfingarinnar. Þó er aðilum máls heimilt að sammælast um að ljúka máli fyrir þeim dómstól þar sem málið er rekið fyrir gildistöku laganna, enda verði slíku máli lokið innan tveggja vikna frá gildistöku þeirra.

Ársþing KKÍ 2001 sem samþykkir lög þessi skal kjósa dómara í dómstól KKÍ og áfrýjunardómstól KKÍ. Dómarar þessir skulu taka til starfa 1. júní 2001, þegar lögin taka gildi og starfa fram að körfuknattleiksþingi 2004.

Greinargerð: Þetta er ákvæði sem sett var inn vegna dómstóls KKÍ 2001 og engin þörf á því að halda því inni í lögum sambandsins.

Stjórn KKÍ

Vísað til:	Fjárhagsnefndar	X Allsherjarnefndar	Laganefndar
-------------------	------------------------	----------------------------	--------------------

x Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 9

Breytingar á reglugerð um landsliðsnefnd

Núverandi reglugerð verði felld úr gildi og eftirfarandi reglugerð komi í staðinn.

Reglugerð um A-landsliðsnefndir

1. A-landsliðsnefnd karla skipa 5 aðilar skipaðir af stjórn KKÍ. A-landsliðsnefnd kvenna skipa 5 aðilar skipaðir af stjórn KKÍ. Landsliðsnefnd kemur með tillögu að ráðningu landsliðsþjálfara til stjórnar KKÍ.
2. Landsliðsnefnd og landsliðsþjálfari annast val allra landsliða og kemur með tillögur til stjórnar KKÍ um landsleiki, svo og þátttöku í mótum.
3. Stjórn KKÍ skal tryggja landsliðsnefnd ákveðna upphæð til starfsemi nefndarinnar.
4. Stjórn KKÍ skal setja nefndinni erindisbréf, þar sem ákveðið er fyrirkomulag þeirra mála sem ekki eru ákveðin í lögum og reglugerðum KKÍ.

Greinargerð: nafni reglugerðarinnar verði breytt og verið er að færa reglugerðina til nútíma.

Í

dag eru bæði A-landsliðsnefnd karla og A-landsliðsnefnd kvenna starfandi hjá sambandinu.

Verið er að breyta reglugerðinni þannig að hún nái utan um starf beggja nefnda.

Stjórn KKÍ

Vísad til: Fjárhagsnefndar X Allsherjarnefndar Laganefndar

X Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 10

Breyting á lögum KKÍ

10. grein

Stjórn KKÍ skal strax að loknu körfuknattleiksþingi skipa eftirtaldar nefndir:

Mótanefnd.

Dómaranefnd.

Landsliðsnefnd.

A-landsliðsnefnd karla.

A-landsliðsnefnd kvenna.

Unglingalandsliðsnefnd.

Kjörnefnd.

Hver nefnd skal skipuð minnst þremur mönnum, nema annað sé ákveðið í reglugerð.

[...]

Greinargerð: Verið er að færa greinina til móts við raunveruleikann. Í dag eru starfandi A-landsliðsnefndir karla og kvenna í stað einnar landsliðsnefndar. Einnig er það vilji stjórnar KKÍ að Unglingalandsliðsnefnd sé Unglinganefnd og hafi víðara svið en núverandi nafn nefndarinnar gefi til kynna.

Undirstrikaði textinn bætist við reglugerðina en yfirstrikaði textinn fellur út.

Stjórn KKÍ

Við til: Fjárhagsnefndar X Allsherjarnefndar Laganefndar

X Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 11

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót

23.grein 1. deild kvenna Úrvalsdeild kvenna

1.deild kvenna Úrvalsdeild kvenna skal skipuð 6 liðum. Önnur lið leika í 2.deild 1. deild. Neðsta lið 1. deildar Úrvalsdeildar fellur í 2. deild 1. deild og tekur efsta lið 2. deildar 1. deildar sæti þess. Að aflokinni deildarkeppni skal það félag sem lendir í efsta sæti hljóta deildarmeistaratítul og fá farandbikar og eignarbikar.

[...]

24.grein II. deild kvenna 1. deild kvenna

Í 2. deild 1. deild kvenna skulu þau lið leika sem ekki leika í 1. deild Úrvalsdeild. Mótanefnd KKÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökuliða og þá í samráði við þau.

Það félag sem sigrar í 2. deild 1. deild kvenna hlýtur sæmdarheitið "Deildarmeistari" og flyst upp í 1. deild Úrvalsdeild næsta leiktímabil.

Greinargerð: Umræður hafa verið um misræmi á nöfnum karla og kvennadeildanna, með þessum breytingum er verið að láta kvennadeildirnar bera sömu nöfn og karladeildirnar. Fjölmiðlar hafa t.d. stundum verið að ræða um úrvalsdeild kvenna í körfubolta - sem er í raun ekki til en verður það með þessum breytingum.

Undirstrikaði textinn bætist við reglugerðina en yfirstrikaði textinn fellur út.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 12

Breyting á reglugerð um dómaranefnd

1. Yfirstjórn allra dómaramála skal vera í höndum þriggja manna nefndar. Nefndin nefnist dómaranefnd. Stjórn KKÍ skipar tvo þrjá menn í nefndina. Formaður nefndarinnar er skipaður af stjórn KKÍ. Þar á meðal formann, en Korfuknattleiksdómarafélag Íslands (KKDÍ) einn. [...]

Greinargerð: Verið að færa reglugerðina til nútímans. Að KKDÍ skipi sérstakan fulltrúa byggir

á gömlum hefðum frá þeim tíma er eingöngu dómara skipuðu dómaranefnd. Stjórn KKÍ skipar þá í raun alla fulltrúa dómaranefndar eins og annarra nefnda sambandisns sem ekki eru kosnar af ársþingi.

*Undirstrikaði textinn bætist við reglugerðina en yfirstrikaði textinn fellur út.
Stjórn KKÍ*

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar x Laganefndar

X Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 13

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót

28. grein

ÍSLANDSMÓT YNGRI FLOKKA.

[...]

Mótanefnd er heimilt að ákveða að Íslandsmót yngri flokka fari fram í tveimur deildum. Keppni í 2. deild má vera landshlutaskipt. Ef aðeins er keppt í einum riðli í Íslandsmóti 2. deildar skal leika fjórar umferðir þar sem fjórða umferð sker úr um sigurvegara. Ef keppt er í tveimur (2) eða fleiri riðlum skal leika þrjár umferðir og úrslitaumferð sem sker úr um sigurvegara.

[...]

Fjöldi liða í riðlunum skal ákveðinn þannig: 6 lið eða færri leika í einum riðli, 7-12 liða leika í tveimur riðlum, 13-18 lið skulu leika í þremur riðlum. Séu fleiri en 18 lið í flokki skal leikið í fjórum riðlum. 5 lið eða færri leika í einum riðli, 6-10 lið leika í tveimur riðlum, 11-15 lið skulu leika í þremur riðlum. Séu fleiri en 15 lið í flokki skal leikið í fjórum riðlum.

[...]

Greinargerð: engar reglur hafa verið til um hvernig skorið skuli úr um sigurvegara 2. deildarmóta, verið er að skerpa á því.

Talsverðar óánægju hefur gætt í vetur meðal félaga sem hafa þurft að halda sex liða fjöllidamót, þar sem mótin taka langan tíma í íþróttahúsum og krefjast mikils mannafla. Verið er að tryggja að mót verði aldrei skipuð fleiri en fimm félögum í einu.

Undirstrikaði textinn bætist við reglugerðina en yfirstrikaði textinn fellur út.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar X Laganefndar

Samþykkt óbreytt

X Samþykkt með breytingum

Fellt

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót

23. grein

1. DEILD KVENNA

1. deild kvenna skal skipuð 6 liðum. Önnur lið leika í 2. deild. Neðsta lið 1. deildar fellur í 2. deild og tekur efsta lið 2. deildar sæti þess. Að aflokinni deildarkeppni skal það félag sem lendir í efsta sæti hljóta deildarmeistaratitil og fá farandbikar og eignarbikar.

1. deild kvenna skal skipuð 8 liðum. Önnur lið leika í 2. deild. Leikin skal tvöföld umferð þar sem allir mæta öllum. Þá er liðum skipt í tvo riðla, fjögur efstu liðin eru saman í riðli og neðstu fjögur liðin eru saman í riðli. Innan riðlanna er leikin tvöföld umferð. Að aflokinni deildarkeppni skal það félag sem lendir í efsta sæti efri riðilsins hljóta deildarmeistaratitil og fá farandbikar og eignarbikar. Neðsta lið neðri riðlis fellur í 2. deild og tekur efsta lið 2. deildar sæti þess.

Síðan skal leikin úrslitakeppni með þátttöku sex efstu liða í deildinni. fjögurra efstu liða í deildinni. Efsta liðið leikur gegn liði númer fjögur og næst efsta liðið leikur gegn liði númer þrjú. Fyrst leika lið númer þrjú við lið númer sex annars vegar og lið númer fjögur við lið númer fimm hins vegar einn leik á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni. Það lið sem sigrar kemst í undanúrslit. Í undanúrslitum skal raða liðum aftur í samræmi við lokaniðurstöðu í deildarkeppni og skal það lið sem var efst þeirra liða sem eftir eru leika við það liða sem var neðst. Hin tvö liðin leika saman. Þau lið sem fyrr sigra í þremur leikjum í undanúrslitum leika til úrslita. Það lið sem þá sigrar fyrr í þremur leikjum telst Íslandsmeistari í 1. deild kvenna. Í undanúrslitum og úrslitum úrslitakeppninni skiptast andstæðingar í hverri viðureign á að leika á heimavelli og ávallt er byrjað á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni.

Um tekjuskiptingu í úrslitum gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti. Heimalið ber allan kostnað vegna dómara (komi til oddaleiks). Allur annar útlagður kostnaður sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.

Greinargerð: Nú undanfarin ár hafa lið í 1. deild kvenna verið 6 og spiluð er fjórföld umferð eða samtals 20 deildarleikir. Eftir deildarkeppnina hafa efstu fjögur liðin spilað úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn.

Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og hafa framfarirnar í kvennakörfunni verið augljósar undanfarin ár. Umfjöllun hefur alltaf verið að verða betri og betri. En það er við hæfi að við stígum næsta skref á ári kvennakörfunnar og fjölgum liðum úr 6 í 8.

Spiluð verður tvöföld umferð, 14 leikir og eftir fyrstu tvær umferðirnar spila efstu fjögur liðin og neðstu fjögur liðin í tveimur riðlum, tvöfalda umferð 6 leiki eða samtals 20 deildarleiki. Toppliðin spila því fjórveigis gegn hvort öðru eins og er í dag en tvívegis gegn neðri fjórum liðunum.

Undirstrikaði textinn bætist við reglugerðina en yfirstrikaði textinn fellur út.

Yngvi Gunnlaugsson, og Ágúst S. Björgvinsson ÍBH, Guðjón Skúlason ÍRB

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 15

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót

Við bætist ný grein.

18. grein

Öll lið í efstu deild karla og kvenna og lið 1. deild karla ásamt bikarkeppnum skulu taka upp sína heimaleiki á DVD og senda í pósti til KKÍ næsta virka dag eftir leik. Félög geta síðan keypt leiki af KKÍ á kostnaðarverði. Ef félög skila ekki inn DVD af leik sínum þá skulu þau sæta dagssektum kr.300.- á dag þar til að leik hafi verið skilað en þó að hámarki 10.000.- fyrir hvern leik.

Núverandi 18. grein verður 19. grein, 19 verður 20. grein o.s.frv..

Greinagerð: Oftar en ekki hafa komið upp vafaatriði í leikjum þar sem myndbandsupptaka er ekki til staðar og hún sé nauðsynleg til lausnar á vafaatriðum. Aganefnd ásamt Dómaranefnd geta einnig notfært sér þessar upptökur og farið yfir atriði sem koma upp í leikjum.

Brynjar Örn Steingrímsson ÍBH

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar X Laganefndar

Samþykkt óbreytt

X Samþykkt með breytingum

Fellt

Vísað til KKÍ til frekari úrvinnslu

Breytingar á reglugerð KKÍ um félagaskipti

2. grein

Tímabil félagaskipta:

a) Tímabil félagaskipta skulu vera tvö, innan og utan keppnistímabils, og gilda um þau mismunandi reglur. Meginregla félagaskipta skal vera sú að þau fari fram utan keppnistímabils, á tímabilinu 1. maí júní til 30. september ár hvert. Félagaskipti utan keppnistímabils eru frjáls í öllum flokkum, að öðru leyti en leiðir af reglugerð þessari.

Tímabilið 1. október til 30. apríl 31. maí telst vera keppnistímabil samkvæmt reglugerð þessari.

b) Í öllum flokkum öðrum en mfl. karla og kvenna skulu félagaskipti á keppnistímabili fram til 28. febrúar, vera frjáls. Ef leikmaður uppfyllir hlutgengisreglur, og beiðni uppfyllir formreglur reglugerðar þessarar, verður leikmaður er óskar félagaskipta á keppnistímabili löglegur með hinu nýja félagi einum mánuði eftir móttöku beiðni um félagaskipti á skrifstofu KKÍ, en utan keppnistímabils taka félagaskipti gildi um leið og KKÍ hefur móttekið lögmæta beiðni um félagaskipti. Félagaskipti fyrir leikmann á grunnskólaaldri skulu taka gildi um leið og KKÍ hefur móttekið lögmæta beiðni um félagaskipti. Skipti leikmaður á grunnskólaaldri um félag í annað sinn eða oftar á keppnistímabili skulu félagaskiptin fylgja almennum félagaskiptareglum.

Þegar beiðni um félagaskipti er send í pósti skal dagsetning póststimpils gilda sem móttökudagur.

c) Félagaskiptum skal synjað ef í gildi er leikmannasamningur sem skráður hefur verið hjá félagaskiptanefnd í samræmi við b) lið 3. greinar. Frá þessu skal vikið ef félag leikmannsins samþykkir félagaskiptin. Gilda þá almennar reglur þessarar greinar um heimildir til félagaskipta innan og utan keppnistímabils.

d) Félagaskiptum í mfl. karla og kvenna á keppnistímabili er skipt í tvo hluta. Fyrsti hluti keppnistímabils telst vera 1. október til 5. febrúar janúar, og eru á þeim hluta sömu skilyrði félagaskipta og skv. b-lið. Annar hluti keppnistímabils telst vera frá 6. febrúar janúar til 30. apríl 31. maí og eru félagaskipti á þeim tíma með öllu óheimil.

e) Ágreiningi um félagaskipti samkvæmt reglugerð þessari má skjóta til félagaskiptanefndar, að uppfylltum kæruskilyrðum. Heimilt er félagaskiptanefnd að úrskurða hvern aðila málsins til greiðslu gjalds skv. g-lið 3. gr.

Greinargerð: Með þessu er verið að einfalda félagaskipti til mikilla muna og einnig samræmist

þetta þeim reglum sem gilda víðast í Evrópu.

Undirstrikaði textinn bætist við reglugerðina en yfirstrikaði textinn fellur út.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 17

Breyting á reglugerð um venslasamninga

2. grein

Móðurfélög (A lið) sem gera milli sín venslasamninga mega ekki leika í sömu deild.

Greinagerð: Hér er verið að skerpa á reglunni. Að einungis er átt við A lið félaga en ekki B eða C lið félaga.

Undirstrikaði textinn bætist við reglugerðina.

Einar Árni Jóhannsson ÍRB

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar X Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

X Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 18

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót

22. grein

II. DEILD KARLA

II. DEILD karla skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í úrvalsdeild eða I. deild.

Ennfremur er öllum félögum innan KKÍ heimilt að senda B-lið í II. deild. Sjö leikjahæstu leikmönnum Aliðs hverju sinni er ekki heimil þátttaka með B-liði. Séu tveir eða fleiri leikmenn með jafn marga leiki í 7. sæti í mfl. karla A-liða, er ekki heimilt að nota einn þeirra með B-liði.

Þegar að miðað er við sjö leikjahæstu leikmenn A-liðs skal miða við spilaðar mínútur en ekki spilaða leiki.

Greinargerð: Þetta veitir yngri og óreyndari leikmönnum A-liðsins frekara tækifæri á að spila með B-liðinu. Ungir leikmenn eru oft með á öllum leikskýrslum en fá lítið sem ekkert að spreyta sig.

DÆMI

Árni Ásgeirsson Snæfell 22 leikur 131 mín

Jón Ólafur Jónsson Snæfell 21 leikur 358 mín

Tölur frá nýafstöðnu Íslandsmóti. Ef að Snæfell hefði verið með B-lið þá hefði, samkvæmt núgildandi reglum, Árni ekki mátt spila með B-liðinu. En Jón, sem að greinilega fær fleiri mínútur, mætti það.

Undirstrikaði textinn bætist við reglugerðina.

Andrés Már Heiðarsson HSH

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar X Laganefndar

Samþykkt óbreytt

X Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 19

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót

Ný grein um mót í yngri flokkum – verði 31. grein.

Aðrar greinar færast aftur í töluröð.

Þegar lið mætir til leiks í yngri flokka mótum skal það hafa með sér dómara. Ef lið getur ekki haft með sér unglingadómara skal það greiða heimaliði 1.000 krónur fyrir hvern leik sem það spilar. Þetta gjald getur síðan heimaliðið notað til að borga sínum dómurum sem verða að vera með dómara réttindi og í dómara búning.

Greinagerð: Dómgæsla í yngri flokkum er oft mjög bágborin og tel ég að þetta verði til mikilla

framfara í yngri flokkum hjá okkur. Þegar dómari með réttindi er á staðnum verður oft allt annar bragur á yfirbragði mótanna. Virðing fyrir dómurum er oft lítil því körfuknattleiksiðkendum alast upp við það að dómara séu bara einhverjir sem fengnir eru til að dæma.

Þá tel ég að á fimm ára tímabili munu þetta fjölga dómurum á landinu. Dómari sem er búinn að fá greitt í ákveðin ár fyrir að dæma í yngri flokka mótum er líklegri til að fara dæma í meistara flokkum heldur en hinn sem er að stíga sín fyrstu spor í dómgæslu.

Bjarni Gaukur Þórmundsson UMSK

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar X Laganefndar

Samþykkt óbreytt

X Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 20

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót

5. grein

Um vallarstærð gildir ákvæði körfuknattleiksreglna, en þó getur KKÍ eða viðkomandi körfuknattleiksráð, þegar um héraðsmót er að ræða, veitt undanþágu ef sérstaklega stendur á eða ef óskað er. Stjórn KKÍ getur einnig veitt undanþágu frá ákvæðum körfuknattleiksreglna um vallarstærð fyrir þá flokka sem leika í svæðiskeppni.

Frá og með keppnistímabilinu 2008-2009 skulu allir leikir í efstu deildum karla og kvenna leikin á parketgólfi. Ný lið sem koma inn í þessar deildir frá og með 2009 fá 1 (eitt) ár í aðlögunartíma að öðrum kosti verða þau að spila heimaleiki sína annarsstaðar eða ellegar greiða 50.000 krónur í sekt fyrir hvern leik sem rennur í afreksstarf Körfuknattleikssambands Íslands.

Greinagerð: Með því að fastsetja þetta í reglugerð fá félögin öflugt tæki til að fara með til sinnar sveitastjórnar til að koma því í gegn að fá parket í sín hús. KSÍ setti í reglugerð hjá sér að allir ættu að hafa stúku og nú eru hundruðamilljóna stúkur út um allt land. Það ætti að vera hægt að nýta þessa reglu sem þrýsting á sveitarfélög að koma þessum hlutum í lag. Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar X Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

X Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 21

Tillaga um reglugerð um Dómarasjóð KKÍ

1. grein

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, formaður dómaranefndar, formaður KKÍ og gjaldkeri KKÍ.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að efla körfuknattleiksdómgæslu á Íslandi með þeim ráðum sem stjórn sjóðsins í samvinnu við dómaranefnd ákveður. Stjórn sjóðsins skal leggja fram áætlun um nýtingu fjármagns úr sjóðnum til stjórnar KKÍ eigi síðar en 1. september ár hvert. Áætlunin skoðast samþykkt geri stjórn KKÍ ekki athugasemd við áætlunina fyrir 15. september.

3. grein

Sjóðurinn skal standa undir kostnaði við dómaraeftirlit og dómaraþróun í samvinnu við dómaranefnd.

4. grein

Sjóðurinn niðurgreiðir kostnað við þau dómara námskeið sem dómaranefnd skipuleggur. Leitast skal við að hafa námskeiðin sem dreifðust um landið. Sjóðurinn stendur undir kostnaði KKÍ við haustfund dómara.

5. grein

Framlög félaga í sjóðinn

Félög í efstu deild karla greiða hvert kr. 75.000 á ári í sjóðinn, félög í efstu deild kvenna og fyrstu deild karla greiða hvert kr. 50.000 á ári í sjóðinn. Gjaldþagi skal vera 1. október. Skuldi félag í dómarasjóðinn skal sú skuld teljast vera skuld við KKÍ.

Greinargerð: Á síðasta ársþingi var samþykkt ályktun um dómarasjóð og Stjórn KKÍ falið að móta reglugerð um dómarasjóðinn.

Stjórn KKÍ

Vísað til: **Fjárhagsnefndar** **X Allsherjarnefndar** **Laganefndar**

X Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 22

**Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót
24. grein II. DEILD KVENNA**

Í 2. deild kvenna skulu þau lið leika sem ekki leika í 1. deild. Mótanefnd KKÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökuliða og þá í samráði við þau. Það félag sem sigrar í 2. deild kvenna hlýtur sæmdarheitið "Deildarmeistari" og flyst upp í 1. deild næsta leiktímabil.

Að aflokinni deildarkeppni skal leika úrslitakeppni með þátttöku fjögurra efstu liðanna. Keppnina skal halda alla á sama stað. Á laugardegi eru leikin undanúrslit þar sem lið 1 og 4 mætast annars vegar og 2 og 3 hins vegar. Liðin sem sigra komast í úrslitaleikinn. Liðið sem sigrar í úrslitaleikinn flyst upp í 1. deild næsta leiktímabil.

Greinargerð: 2. deild kvenna er eina deildin í dag í meistaraflokki þar sem ekki er úrslitakeppni og finnst mér því rétt að þær sitji við sama borð og aðrir meistaraflokkar samanber 2. deild karla.

Bjarni Gaukur Þórmundsson UMSK

Vísað til: Fjárhagsnefndar X Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

X Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 23

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót

8. grein

Allir iðkendur félaga innan KKÍ skulu vera skráðir í Felix, félagakerfi ÍSÍ.

Áður en leikur hefst skulu þjálfarar liða afhenda ritara útfyllta leikskýrslu með nöfnum og númerum leikmanna. Ásamt leikskýrslu skal þjálfari leggja fram útprentaðan leikmannelista úr Felix þar sem fram kemur nafn, kennitala og heimilisfang leikmanna. Á leikmannelistann skal þjálfari vera búinn að merkja númer leikmanns við nafn hans. Að leikslokum undirrita dómamarar skýrsluna ásamt starfsmönnum.

Framkvæmdaaðili leiks (heimalið) skal koma skýrslunni til umsjónaraðila móts, en til mótanefndar KKÍ ef um landsmót eða bikarkeppni er að ræða, eigi síðar en 4 dögum eftir leikdag miðað skal við póststimpil (laugardagar og sunnudagar undanskildir).

Í efstu deild karla, 1. deild kvenna, 1. deild karla, 16-, 8 og undanúrslitum bikarkeppni KKÍ og ífyrirtækjabikar KKÍ skal heimalið setja allar tölfræðiupplýsingar á netið í gegnum vef KKÍ.

Skulu upplýsingar þessar hafa borist KKÍ eigi síðar en 2 klst. eftir að leik lýkur. Í öllum öðrum leikjum en tilteknir eru hér, þó ekki í fjölleikdamótum yngri flokka, skulu félög skrá inn úrslit leikja á netið í gegnum vef KKÍ. Skulu úrslitin hafa borist KKÍ eigi síðar en 1 klst. eftir að leik lýkur. Í fjölleikdamótum skulu úrslit allra leikja skráð á netið samdægurs af framkvæmdaraðila móts.

Vanræksla á skýrsluskilum varðar dagsektum kr. 200 kr. á hverja skýrslu hvern dag. Sé tölfræðiskýrsla ekki send innan tilskilinna tímamarka varðar það sekt að upphæð 10.000 kr. fyrir hvern leik og séu úrslit leikja ekki send innan tilskilinna tímamarka varðar það sekt að upphæð 5.000 kr. Skýrslur skulu berast mótanefnd KKÍ með sannanlegum hætti. Skili úrslit fjölleikdamóta sér ekki innan tímamarka skal það varða dagsektum kr. 500 á hvern leik.

[...]

Greinagerð (1): Á mörgum fjölleikdamótum í dag eru leikskýrslur ekki fylltar út samkvæmt þeim reglum sem gilda. Virkt félagakerfi væri körfuknattleikshreyfingunni til framdráttar og með þessu fyrirkomulagi væri tryggt að allir iðkendur væru skráðir í Felix. Með þessu móti verður það einfaldara að fylla út leikskýrslur.

Greinagerð (2): Með nútímatækni er þetta mjög auðvelt í framkvæmd. Þetta yrði einnig til mikill hagræðingar fyrir allt mótahald því oft á tíðum berast skýrslur seint og illa. Með þessu móti eykst skilvirkni við utanumhald og skipulag mótahalds KKÍ, sem er í dag langnæststærsta mótahald innan ÍSÍ.

Stjórn KKÍ

Vísað til: **Fjárhagsnefndar** **Allsherjarnefndar** **X Laganefndar**

Samþykkt óbreytt

X Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 24

Tillaga að reglugerð fyrir unglinganefnd

1. Stjórn KKÍ skipar 5 fulltrúa í unglinganefnd og einn þeirra sem formann.
2. Unglinganefnd sinnir málum sem snúa að unglingalandsliðum og körfuknattleik yngri flokka á Íslandi.
3. Unglinganefnd leggur tillögur um verkefni unglingalandsliða og ráðningu unglingalandsliðsþjálfara fyrir stjórn KKÍ.
4. Unglinganefnd tilnefnir fararstjóra og sjúkraþjálfara í ferðir og aðstoðar unglingalandsliðsþjálfara við skipulagningu, utanumhald hópa og undirbúning verkefna.
5. Unglinganefnd hefur umsjón með afreks- og uppbyggingarverkefnum sem snúa að yngri flokkum.

Greinargerð: unglinganefnd er ein af fastanefndum KKÍ en um hana hefur ekki verið nein reglugerð. Verið er að bæta úr því.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar X Laganefndar

X Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 25

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót

24. grein

Í 2. deild kvenna skulu þau lið leika sem ekki leika í 1. deild. Mótanefnd KKÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökuliða og þá í samráði við þau. Öllum félögum innan KKÍ er heimilt að senda B-lið í II. deild. Sjö leikjahæstu leikmönnum A-liðs hverju sinni er ekki heimil þátttaka með B-liði. Séu tveir eða fleiri leikmenn með jafn marga leiki í 7. sæti í mfl. kvenna A-liða, er ekki heimilt að nota einn þeirra með B-liði.

Greinargerð: verið er að færa reglur um aðra deild í takt við það sem tíðkast í 2. deild karla. Þetta hefur ekki verið skýrt megri skrá B-lið meistaraflokks til leiks í 2. deild kvenna og verið er að taka af allan vafa.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar X Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

X Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 26

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót

19. grein

Reglugerð um Íslandsmót og Bikarkeppni KKÍ

Meistaramót Íslands í körfuknattleik innanhús skal halda á tímabilinu 1. október til 15. apríl maí. Sérráð eða þar til kvödd mótanefnd skal sjá um mótið. Það félag sem sigrar í deildarkeppni eða í flokkakeppni yngri flokka hlýtur sæmdarheitið "Íslandsmeistari".

Greinargerð: Verið er að veita mótanefnd KKÍ rýmri heimild til að raða niður Íslandsmótinu, það er þó ekki víst að heimildin verði nýtt hverju sinni. Úrslitakeppnin lendir oft í kringum páska og vegna þeirra reglna sem nú gilda er erfitt að taka tillit til páskanna, þar sem klára þarf mótahald innan tilsetts tíma.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar X Allsherjarnefndar Laganefndar

X Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 27

Tillaga um þáttökugjöld í Íslandsmóti

Efsta deild karla: 170.000

Efsta deild kvenna: 140.000

1. deild karla: 140.000

2. deild kvenna: 70.000

2. deild karla: 70.000

Yngri flokkar: 20.000

Þáttökugjöld í bikarkeppni verða óbreytt

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar X Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

X Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007



Þingskjal nr. 13 a

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót

28. grein

ÍSLANDSMÓT YNGRI FLOKKA.

[...]

Mótanefnd er heimilt að ákveða að Íslandsmót yngri flokka fari fram í tveimur deildum. Keppni í 2. deild má vera landshlutaskipt. Ef aðeins er keppt í einum riðli í Íslandsmóti 2. deildar skal leika fjórar umferðir þar sem fjórða umferð sker úr um sigurvegara. Ef keppt er í tveimur (2) eða fleiri riðlum skal leika þrjár umferðir og úrslitaumferð sem sker úr um sigurvegara.

[...]

Fjöldi liða í riðlunum skal ákveðinn þannig: 6-lið eða færri leika í einum riðli, 7-12 liða leika í tveimur riðlum, 13-18 lið skulu leika í þremur riðlum. Séu fleiri en 18 lið í flokki skal leikið í fjórum riðlum. 5-lið eða færri leika í einum riðli, 6-10 lið leika í tveimur riðlum, 11-15 lið skulu leika í þremur riðlum. Séu fleiri en 15 lið í flokki skal leikið í fjórum riðlum.

Aldrei skulu vera fleiri en fimm lið í riðli og ekki færri en þrjú.

[...]

Greinargerð: engar reglur hafa verið til um hvernig skorið skuli úr um sigurvegara 2. deildarmóta, verið er að skerpa á því.

Talsverðar óánægju hefur gætt í vetur meðal félaga sem hafa þurft að halda sex liða fjölliðamót, þar sem mótið taka langan tíma í íþróttahúsum og krefjast mikils mannafla. Verið er að tryggja að mót verði aldrei skipuð fleiri en fimm félögum í einu.

Undirstrikaði textinn bætist við reglugerðina en yfirstrikaði textinn fellur út.

Laganefnd

Viðað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007



Þingskjal nr. 18 a

Breyting reglugerð um körfuknattleiksmót

22. grein

II. DEILD KARLA

II. DEILD karla skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í úrvalsdeild eða I. deild. Ennfremur er öllum félögum innan KKÍ heimilt að senda B-lið í II. deild. Sjö leikjahæstu leikmönnum A-liðs hverju sinni er ekki heimil þátttaka með B-liði. Séu tveir eða fleiri leikmenn með jafn marga leiki í 7. sæti í mfl. karla A-liða, er ekki heimilt að nota einn þeirra með B-liði.

Þegar að miðað er við sjö leikjahæstu leikmenn A-liðs skal miða við spilaðar mínútur **að meðaltali í leik samkvæmt tölfraði KKÍ á yfirstandandi tímabili en ekki spilaða leiki.**

Greinargerð: Þetta veitir yngri og óreyndari leikmönnum A-liðsins frekara tækifæri á að spila með B-liðinu. Ungir leikmenn eru oft með á öllum leikskýrslum en fá lítið sem ekkert að spreyta sig.

DÆMI

Árni Ásgeirsson	Snæfell	22 leikur	131 mín
Jón Ólafur Jónsson	Snæfell	21 leikur	358 mín

Tölur frá nýafstöðnu Íslandsmóti. Ef að Snæfell hefði verið með B-lið þá hefði, samkvæmt núgildandi reglum, Árni ekki mátt spila með B-liðinu. En Jón, sem að greinilega fær fleiri mínútur, mætti það. Undirstrikaði textinn bætist við reglugerðina.

Laganefnd

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007



Þingskjal nr. 19 a

Breyting á reglugerð fyrir körfuknattleiksmót

Ný grein um mót í yngri flokkum – verði 31. grein.
Aðrar greinar færast aftur í töluröð.

Laganefnd leggur til að brott falli texti í þingskjali 19 og í staðinn komi:

Það félag sem hefur umsjón með móti í yngri flokkum skal leitast við að tefla fram dómurum sem hafa til þess tilskilin réttindi og eru í dómaraþúning. Unglingadómarar fá metna þá leiki sem þeir dæma í yngri flokkum til greiðslu úr dómaraþjóði KKÍ. Stjórn dómaraþjóðs sér um úthlutun á greiðslum úr sjóðnum til unglíngadómarara.

Greinagerð: Dómgæsla í yngri flokkum er oft bágborin. Með þessari tillögu er stuðlað að framförum og fjölgun dómara. Auk þess skapast fleiri verkefni fyrir unga og/eða nýja dómara.

Laganefnd

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar X Laganefndar

X Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt



47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 23 a

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót

8. grein

Allir iðkendur félaga innan KKÍ skulu vera skráðir í Felix, félagakerfi ÍSÍ.

Áður en leikur hefst skulu þjálfarar liða afhenda ritara útfyllta leikskýrslu með nöfnum og númerum leikmanna. Ásamt leikskýrslu skal þjálfari leggja fram útprentaðan leikmannalista úr Felix þar sem fram kemur nafn, kennitala og heimilisfang leikmanna. Á leikmannalistann skal þjálfari vera búinn að merkja númer leikmanns við nafn hans. Að leikslokum undirrita dómarrar skýrsluna ásamt starfsmönnum.

Framkvæmdaaðili leiks (heimalið) skal koma skýrslunni til umsjónaraðila móts, en til mótanefndar KKÍ ef um landsmót eða bikarkeppni er að ræða, eigi síðar en 4 dögum eftir leikdag miðað skal við póststimpil (laugardagar og sunnudagar undanskildir).

Í efstu deild karla, 1. deild kvenna, 1. deild karla, 16-, 8 og undanúrslitum bikarkeppni KKÍ og í fyrirtækjabikar KKÍ skal heimalið setja allar tölfraediupplýsingar á netið í gegnum vef KKÍ. Skulu upplýsingar þessar hafa borist KKÍ eigi síðar en 2 klst. eftir að leik lýkur. Í öllum öðrum leikjum en tilteknir eru hér, þó ekki í fjölíðamótum yngri flokka, skulu félög skrá inn úrslit leikja á netið í gegnum vef KKÍ. Skulu úrslitin hafa borist KKÍ eigi síðar en 1 klst. eftir að leik lýkur. Í fjölíðamótum skulu úrslit allra leikja skráð á netið **samdegurs innan tveggja sólarhringa frá mótlokum** af framkvæmdaraðila móts.

Vanræksla á skýrsluskilum varðar dagsektum kr. 200 kr. á hverja skýrslu hvern dag. Sé tölfraediskýrsla ekki send innan tilskilinna tímamarka varðar það sekt að upphæð 10.000 kr. fyrir hvern leik og séu úrslit leikja ekki send innan tilskilinna tímamarka varðar það sekt að upphæð 5.000 kr. Skýrslur skulu berast mótanefnd KKÍ með sannanlegum hætti. Skili úrslit fjölíðamóta sér ekki innan tímamarka skal það varða dagsektum kr. 500 á hvern leik.

[...]

Greinagerð (1): Á mörgum fjölíðamótum í dag eru leikskýrslur ekki fylltar út samkvæmt þeim reglum sem gilda. Virkt félagakerfi væri körfuknattleikshreyfingunni til framdráttar og með þessu fyrirkomulagi væri tryggt að allir iðkendur væru skráðir í Felix. Með þessu móti verður það einfaldara að fylla út leikskýrslur.

Greinagerð (2): Með nútímatækni er þetta mjög auðvelt í framkvæmd. Þetta yrði einnig til mikill hagræðingar fyrir allt mótahald því oft á tíðum berast skýrslur seint og illa. Með þessu móti eykst skilvirkni við utanumhald og skipulag mótahalds KKÍ, sem er í dag langnæststærsta mótahald innan ÍSÍ.

Laganefnd

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007



Þingskjal nr. 25 a

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót

24. grein

Í 2. deild kvenna skulu þau lið leika sem ekki leika í 1. deild. Mótanefnd KKÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökuliða og þá í samráði við þau. Öllum félögum innan KKÍ er heimilt að senda B-lið í II. deild. Sjö leikjahæstu leikmönnum A-liðs hverju sinni er ekki heimil þátttaka með B-liði. Séu tveir eða fleiri leikmenn með jafn marga leiki í 7. sæti í mfl. kvenna A-liða, er ekki heimilt að nota einn þeirra með B-liði.

Þegar að miðað er við sjö leikjahæstu leikmenn A-liðs skal miða við spilaðar mínútur að meðaltali í leik samkvæmt tölfræði KKÍ á yfirstandandi tímabili en ekki spilaða leiki.

Greinargerð: verið er að færa reglur um aðra deild í takt við það sem tíðkast í 2. deild karla. Þetta hefur ekki verið skýrt hvort megi skrá B-lið meistaraflokks til leiks í 2. deild kvenna og verið er að taka af allan vafa.

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Felld

47. Ársþing KKÍ haldið á Flúðum, 4. og 5. maí 2007

Þingskjal nr. 27b

Tillaga um þáttökugjöld í Íslandsmóti

Efsta deild karla:	200.000
Efsta deild kvenna:	150.000
1. deild karla:	150.000
2. deild kvenna:	75.000
2. deild karla:	75.000
Yngri flokkar:	20.000

Þáttökugjöld í bikarkeppni verða óbreytt

F. h. stjórnar KKÍ
Eyjólfur Þór Guðlaugsson

Stjórn KKÍ

Vísað til: X Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar

X Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt



Ný tillaga

Þingskjal nr. 29

Lagt er til að núverandi reglugerð um venstrasamninga falli brott og í staðinn komi eftirfarandi:

Venstrasamningur milli félaga felur það í sér að tvö félög gera samning sín á milli um að félag A getur lánað félagi B að hámarki tvo leikmenn. Eftir að slíkum samningi er komið á verða þessir leikmenn hlutgengir með báðum félögum og mega því taka þátt í leikjum beggja félaga á viðkomandi leiktíð.

Eftirfarandi reglur gilda um Venstrasamninga:

1. Hverju félagi er heimilt að gera venstrasamning við eitt annað félag í meistaraflokki karla og kvenna.
2. Félög geta ekki gert á milli sín venstrasamning í flokkum sem leika í sömu deild, hvort sem um er að ræða a, b eða c-lið.
3. Félög geta ekki gert með sér venstrasamning um leikmenn sem eru meðal 7 leikjahæstu í meistaraflokki.
4. Gildistími venstrasamnings getur ekki verið skemmri en eitt keppnistímabili og skal samningur ekki taka gildi fyrr en formlega hefur verið tilkynnt um hann til KKÍ. Venstrasamningur skal skila inn til KKÍ fyrir 5. janúar á hverju tímabili.
5. Leikmenn sem samningur er gerður um mega ekki vera eldri en 20 ára.
6. Einungis er heimilt að gera venstrasamning um tvo leikmenn á hverju keppnistímabili. Í venstrasamning verður að vera tiltekið um hvaða tvo leikmenn er að ræða.
7. Félag öðlast engan rétt til leikmanns sem það fær frá venstrafélagi.
8. Venstrasamningur tekur ekki gildi fyrr en formlega hefur verið tilkynnt um hann til KKÍ.

Greinagerð: Fyrri tillaga var þvert á þann tilgang sem venstrasamning er ætlað að þjóna. Þá sá nefndin vankanta á fyrri skjali og gerir þ.a.l. tillögu að úrbótum.

Vísað til: **Fjárhagsnefndar** **Allsherjarnefndar** **X Laganefndar**

X Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Fjárhagsáætlun 2007

	Áætlun 2006	Rauntölur 2006	Áætlun 2007	Rauntölur 2007
Rekstrartekjur				
Framlög og styrkir	17.800.000	15.817.924	20.991.473	19.507.798
Tekjur af leikjum	13.600.000	10.075.000	8.700.000	6.083.259
Auglýsingatekjur	7.500.000	8.978.821	10.350.000	6.737.467
Landslið	4.400.000	7.356.593	8.000.000	9.696.105
Fræðslu og útb.starf	50.000	35.095	10.000	4.900
Aðrar tekjur	8.000.000	8.000.767	8.810.000	13.803.756
	51.350.000	50.264.200	56.861.473	55.833.285
Rekstrargjöld				
Yfirstjórn	18.860.000	22.733.112	18.618.936	17.028.035
Þjálfun og kennsla	1.000.000	1.853.231	1.800.000	957.500
Íþróttaleg viðskipti	19.600.000	30.574.996	24.197.723	26.331.188
Fræðslu og útb.starf	1.000.000	1.079.396	1.650.000	1.639.210
Rekstur mannvirkja	950.000	876.540	863.927	785.388
Önnur gjöld	6.500.000	5.933.299	8.000.000	10.445.629
	47.910.000	63.050.574	55.130.586	57.186.950
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	3.440.000	(12.786.374)	1.730.887	(1.353.665)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	(1.900.000)	(1.140.028)	(600.000)	(299.493)
Hagnaður (tap)	1.540.000	(13.926.402)	1.130.887	(1.653.158)